

Farskóli safnmanna verður í Miðgarði í Varmahlíð, Skagafirði, dagana 5. – 7. okt. 2011

Í mars síðast liðnum var bent á gistimöguleika innan 12 km. rafiuss frá Miðgarði en auðvitað er öllum frjálst að gista lengra í burtu. Það eru t.d. um 25 km. í gistingu á Sauðárkróki og Hofsstaðaseli.

Verð eru uppgefin í rauðu. Þar sem engin verð eru kynnt gildir sett verðskrá hvers staðar fyrir sig. Því fyrr sem þið bókið því betra.

Gagnlegir punktar um Varmahlíð

Varmahlíð er lítið þorp við þjóðveg 1 sunnan og austan í Reykjarhóli í miðjum Skagafirði. Þar búa um 150 manns. Jarðhiti og skógrækt setja svip á umhverfið, þar er sundlaug opin fram á kvöld og ótrúlega flottar gönguleiðir. Í Varmhlíð er upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn, Menningarhúsið Miðgarður, grunnskóli, leikskóli, banki, hótél, tjaldstæði og vinsæl orlofshús.

ORLOFSHÚS

Orlofshúsin við Reykjarhól

www.varmahlid.is

issshus@simnet.is, sími 862 2129

Ef þið viljið leigja ykkur orlofshús þá hafið beint samband við Ingibjörgu í síma 862 2129.

2 hús, 60 fm – taka 5. Þau eru með þremur herbergjum, tvö herbergi eru með tveimur rúmum en svefnsófi er í þriðja herberginu. **Kostnaður: fyrstu tveir sólahringar 15.000 kr nóttin svo 7.000**

2 hús, 60 fm – taka 6-7. Þau eru með þremur herbergjum, tvö herbergi eru með tveimur rúmum en kofur í þriðja herberginu og svefnsófi í stofu.

Kostnaður: fyrstu tveir sólahringar 15.000 kr nóttin svo 7.000

4 hús 60 fm – taka 5. Tvö tveggjamanna herbergi og svefnsófi í stofu.

Kostnaður: fyrstu tveir sólahringar á 10.000 kr nóttin svo 5.000

1 hús 60 fm – tekur 4. Tvö tveggjamanna herbergi.

Kostnaður: fyrstu tveir sólahringar á 10.000 kr nóttin svo 5.000

Orlofshúsin eru suðvestan í Reykjarhólnum, ofan við Varmahlíð. Ekið er upp í Varmahlíð beygt til suðurs við sundlaugina, ekir framhá Miðgarði, beygt til hægri sunnan hússins og eins langt og upp í brekkuna vestan skógræktarinnar. Orlofshúsin eru í um 10-15 mín göngu frá Miðgarði. Ekið er framhá tjalstæðinu. Um 500 m. er í verslunina, styttra í sundlaugina.

Stéttarfélagið Aldan

er með orlofshús neðan við Varmahlíð, þar sem a.m.k. 6 geta gist. Það er allt í lagi að kanna hvort húsið er laust á þessum tíma. <http://www.stettarfelag.is/index.php?pid=1026>

Orlofshús Hestasport-Activity Tour

<http://www.riding.is/cottages.php> sími 453 8383

Þyrping 6 orlofshúsa stendur í hring um litla heita laug á lágum mel sunna við Reykjarhólinn. Farið er upp sömu leið og til hinna orlofshúsanna, en beygt til vinstri (suðurs) skömmu áður en hin húsin birtast. Þessi eru aðeins styttra frá Miðgarði (5 mín ganga).

Hægt er að leigja tveggja manna hús með uppþúnum rúmum á 11500 kr sem er vetrarverðið, fyrir einn 3000 kr. Morgunverður er á 1500.

Minni húsin eru misstór, frá 2 til 4 manna hús. Það stærsta tekur fleiri (eftir samkomulagi).

Ef þið viljið haga fyrirkomulagi með öðrum hætti (s.s. svefnpokapláss, afsláttur f. fleiri en eina nótt) þá semjið þið um það fyrirfram við umsjónarmenn.

BÆNDAGISTING

Stóra-Vatnsskarð

<http://www.simnet.is/vatnsskard/> sími 453 8152

Bærinn Vatnsskarð er við þjóðveg 1 um 10 km áður en þú kemur að Varmahlíð (á norðurleið).

Lauftún/Húsey

Sími 453-8133 / <http://www.sveit.is/FarmDetails.aspx?No=353>

Lauftún stendur við þjóðveg 1 um 500 m frá Varmahlíð.

Heimagisting. Þar er gistiðstaða fyrir 13 í íbúðarhúsinu og 10 í Húsey, sem er skammt frá.

Gott tjaldsvæði með snyrti- og eldunaraðstöðu. Aðstaða er fyrir tjaldvagna.

Gestgjafi er Inda Indriðadóttir.

Syðsta-Grund

sími 453 6282

<http://www.sydsta-grund.is/>

Syðsta-Grund er miðsvæðis í Skagafirði, í Blönduhlíð, við vegamót Akureyri-Siglufjörður-Reykjavík. Um 5 km frá Varmahlíð.

Skammt fyrir ofan bæinn er róðukross sá sem reistur var sumarið 2009 til að minnast Ásbirninga, um 500 m ofar er grjótgjörningur sá er gerður var til að minnast Haugsnesbardaga 1246 þar sem Ásbirningar reyndu að verjast innrás Sturlunga (Þórðar kakala).

Heimagisting

Boðið er upp á notalega heimagistingu þar sem hægt er að fá uppábúin rúm, svefnpokapláss og morgunverð.

Sumarhús

Einnig gisting í 25 fm sumarhúsi, útbúið með öllum þægindum í skjólsælu umhverfi.

Gistipláss fyrir 4-5 manns.

GISTIHÚS

Bakkaflöt

<http://www.bakkaflot.com/>

Bakkaflöt er um 11 km. sunnan við Varmahlíð. Þú velur veg númer 752 að vegamótum við veg 754 ekur yfir brú á Svartá og upp á hæðina þar sem þú velur afleggjara til hægri (suðurs). Gisting, veitingar, sumarhús, tjaldstæði, heitir pottar og lítil sundlaug á staðnum. Tjaldstæðið er með eldunaraðstöðu. gasgrillum, heitu og köldu vatni, rafmagn. River Rafting.

Skemmtilegar gönguleiðir. Hestaleiga í nágrenninu.

Gistihús, veitingar og heitir pottar

18 herbergi með handlaug. Snyrtingar á gangi. Morgunverðarhlaðborð. Sjá nánar um veitingar á heimasíðu.

2 sumarhús

Annað er 40 fm hús 50 m. frá gistihúsinu með eldunaraðstöðu, sjónvarpi, útvarp, gasgrill.

Hitt er 25 fm hús 74 m. frá gistihúsinu. Eldunaraðstaða, sjónvarp, útvarp, gasgrill.

Tjaldsvæði

Það er gott tjaldsvæði á Bakkaflöt, skjólgott með trjám og runnum og fallett útsýni. Heitt og kalt vatn, gasgrill og eldunaraðstaða, þar sem 18 - 20 manns geta setið inni. Rafmagn er fyrir húsbíla og tjaldvagna.

Steinsstaðir

<http://www.steinsstadir.is/>

Ferðaþjónustan Steinsstöðum er staðsett 11 km. framan frá Varmahlíð í Skagafirði, við veg nr. 752. Þú velur veg númer 752 að vegamótum við veg 754 ekur yfir brú á Svartá og upp að fyrsta afleggjara til hægri (suðurs).

Gistiheimili sem rúmar 40-45 manns.

HÓTEL

Hótel Varmahlíð – (þar er allt orðið upppantað/SS)

18 tveggja manna herbergi, 1eins manns herbergi

<http://is.hotelvarmahlid.is>

info@hotelvarmahlid.is, sími 453 8170.

Eins manns herbergi er 9600 kr, **verð fyrir Farskólanema er 7000 kr.** nótt með morgunverði
Tveggja manna herbergi er 12300 kr., **verð fyrir Farskólanema er 9800 kr.** nótt með morgunverði.

Ef ykkur líst ekki á þessa möguleika þá getið þið farið inn á

<http://www.visitskagafjordur.is/category.mvc/display/3047> og skoðað hvað fleira er í boði í Skagafirði, aðeins fjær, en hafið hugfast að þótt þið væruð á Hofsósi þá eruð þið innan við klukkutíma að komast í Miðgarð og það kall menn ekki langt hér um slóðir þegar þarf að skreppa á söngæfingar.

